



Reykjavík, 29. apríl 2024
MSS24040172

Forsætisnefnd

Reglur um Borgaraþing Reykjavíkur - Aðgerð nr. 5 í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, þann 18. apríl 2024, voru samþykktar meðfylgjandi reglur um Borgaraþing Reykjavíkur, sbr. aðgerð nr. 5: Haldin verði borgaraþing að jafnaði árlega þar sem borgarbúar fá tækifæri til að eiga samtál við borgarfulltrúa um mismunandi málaflokka. Markmið: Að íbúar hafi beinni tengsl við borgarstjórn og fái tækifæri til að eiga samtál við kjörna fulltrúa um það sem skiptir þá máli.

Reglur um borgaraþing voru lagðar fram til kynningar á fundi stafræns ráðs þann 24. apríl s.l.

Bent er á að samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun er árlegur kostnaður við borgaraþing áætlaður kr. 3.400.000,-, auk þess ótalinn kostnaður sem fellur til vegna vinnu starfsfólks Reykjavíkurborgar á þinginu. Allur kostnaður borgaraþings er utan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Óskað er eftir að drög að reglum um Borgaraþing séu lagðar fram til samþykktar á fundi forsætisnefndar. Reglur um borgaraþing verða í framhaldi settar í samráðsferli á samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:
Reglur um borgaraþing Reykjavíkurborgar
Áætlaður kostnaður fyrir borgaraþing

Reglur um Borgaraþing Reykjavíkur

Skilgreining

1. gr.

Borgaraþing Reykjavíkur er formlegur vettvangur borgarbúa og borgarstjórnar til að eiga samtál um málefni Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka möguleika þátttakenda á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar og gefur íbúum tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa með samtali um það sem skiptir þá máli hverju sinni.

Dagskrá

2. gr.

Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega¹ ákvörðun um að halda borgaraþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitar eftir ábendingum um efni á dagskrá hjá íbúum, borgarfulltrúum, fagráðum, íbúaráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða og gerir tillögu að umfjöllunarefni borgaraþings til stafræns ráðs. Heimilt er að gera ráð fyrir fleiri málum á dagskrá þingsins en gæta skal að því að unnt verði að taka alla liði til umfjöllunar á áætluðum fundartíma.

Ábyrgð og framkvæmd

3. gr.

Ábyrgð og framkvæmd borgaraþinga er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur náð samráð við stafrænt ráð, skrifstofu borgarstjórnar og viðkomandi fagsvið.

Boðun

4. gr.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgaraþings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2. gr. reglna þessara. Íbúar skulu boðaðir til borgaraþings með auglýsingu á miðlum Reykjavíkurborgar, með sérstökum kynningum á fundum íbúaráða og fagráða Reykjavíkurborgar sem og auglýsingum á öðrum viðeigandi miðlum með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara.

Áhugasömum þátttakendum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir tilskilinn frest. Leitast skal við að senda hagaðilum sérstaka hvatningu um að taka þátt þar sem athygli þeirra er vakin á þinginu.

Könnun

5. gr.

Í aðdraganda borgaraþings getur stafrænt ráð ákveðið að láta gera könnun meðal borgarbúa á viðhorfum til viðfangsefnis þingsins. Niðurstöður könnunarinnar skal kynna á þinginu.

Fyrirkomulag

6. gr.

Fyrirkomulag borgaraþings, sem getur verið breytilegt og háð viðfangsefni hvers þings, skal kynna í auglýsingu. Áhersla er þó lögð á að borgaraþing hefur á sér annan blæ en hefðbundnir íbúafundir, en á borgaraþingi er megintilgangurinn að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum. Borgaraþing tekur ekki bindandi ákvarðanir.

Tryggja skal jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur á þinginu eftir því sem unnt er. Kynningar og annað efni borgaraþinganna verður gert aðgengilegt eins og kostur er.

¹ Ekki skal boða til borgaraþings í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða frá 1.febrúar sama ár fram að kosningum.

Fundarstjórn borgarþings skal vera í höndum aðila sem hvorki er starfsmaður Reykjavíkurborgar né kjörinn fulltrúi.

Afrakstur borgarþings

7. gr.

Öll gögn sem liggja fyrir borgarþinginu, kynningarefni, samantektir og annað efni skulu vera aðgengileg að loknu þingi á vef Reykjavíkurborgar.

Afrakstur borgarþings skal skráður og gefinn út í formi samantektar að loknu þingi. Samantektina skal leggja fram á fundi stafræns ráðs, borgarráðs, viðkomandi fagraðs og eftir atvikum á fundi borgarstjórnar.

DRÖG

Áætlaður kostnaður vegna borgarþings Reykjavíkurborgar

kr. 2.000.000 - Aðkeypt vinna ráðgjafafyrirtækis sbr. 6. gr reglna um borgarþing Reykjavíkurborgar.
Ráðgjafar: Fundarstjórn, hönnun þings (innihald) og skýrsla í lok þings.

kr. 200.000 - Salarleiga

kr. 350.000 - kaffiveitingar

kr. 850.000 - Auglýsingar: Lesnar útvarpsauglýsingar, vefborðar á fréttamiðlum og samfélagsmiðlar.

kr. 3.400.000.- Samtals

Hér er áætlaður kostnaður við hvert borgarþing án virðisaukaskatts. Endanlegur kostnaður ræðst af af verðfyrirspurnum, samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar vegna vöru- og þjónustukaupa.

Gert er ráð fyrir þremur borgarþingum á kjörtímabilinu þannig að borgarþing verði haldið á hverju ári að undanskildu kosningarári til sveitarstjórna.